

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 5. desember 2024.

Málið nr. S-2167/2024:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Daníel Erni Unnarssyni

(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir réttargæslumaður brotþola)

Dómur:

Mál þetta var þingfest 20. september 2024 og dómtekið 15. nóvember. Málið höfðaði Héraðssaksóknari með ákæru 10. september 2024 á hendur ákærða, Daníel Erni Unnarssyni, kt. [...], fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 21. júní 2024, á göngustíg við Lund 5 í Kópavogi, veist að A, kt. [...], með hnífi og stungið hann a.m.k. fjórum hnífstungum í háls, síðu og nára og þannig reynt að svipta A lífi. Við atlöguna hlaut A alvarlega stunguáverka, nánar tiltekið 1-2 cm stungusár neðarlega á hálsi hægra megin aðlægt hálsbláæðum og hálsslægæðum, um 5 cm stungusár á hægra brjóstholi með rofi í 7. hægra rifbeini og blóðsöfnun í brjóstholi umhverfis lunga, auk áverka framanvert á lifur, 8-10 cm skurð neðan til við hægri rifjaboga með undirliggjandi áverka aftanvert á lifur og grunnan skurð í hægri nára.

Er háttsemin talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindum hnífi með vísan til 1. mgr. 69. gr. a almennra hegningarlaga.

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa A, kt. [...]. Endanlegar dómkröfur hans eru þær að ákærði verði dæmdur til greiðslu 4.000.000 króna miskabóta með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júní til 20. október 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu 202.672 króna vegna útlagðs sjúkrakostnaðar og munatjóns, sem og til greiðslu 413.444 króna þjáningabóta, hvort tveggja með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 20.

október 2024 til greiðsludags. Einnig er krafist viðurkenningar á skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem A varð fyrir 21. júní 2024. Loks verði ákærði dæmdur til greiðslu þóknunar skipaðs réttargæslumanns, þar með talinn kostnað við að halda fram bótakröfu í málinu.

Ákærði krefst sýknu af refsikröfu ákæruvaldsins, en komi til sakfellingar verði háttsemi hans heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og honum annað hvort ekki gerð refsing eða hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og þá að frádregnu óslitnu gæsluvarðhaldi frá 22. júní 2024. Ákærði viðurkennir bótaskyldu gagnvart A vegna miska, sem og vegna sjúkrakostnaðar, munatjóns og þjáningabóta og felur dóminum að meta sanngjarna fjárhæð dæmdra bóta. Jafnframt viðurkennir ákærði bótaábyrgð vegna líkamstjóns sem A varð fyrir 21. júní 2024. Ákærði krefst þess að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð að einhverju eða öllu leyti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda.

I. - Upphaf lögreglurannsóknar og rannsóknaraðgerðir.

1.

Klukkan 22:33 að kvöldi föstudagsins 21. júní sl. var lögregla kvödd að Lundi 5 vegna hnífstungu. Er þangað kom lá A, hér eftir brotþoli, blóðugur í grasbrekku við fjölbýlishúsið. Hjá honum krupu B eiginkona hans og C vinkona þeirra og héldu konurnar þrýstingi á opnum sárum á kvið og hálsi brotþola. Hann hafði orðið fyrir umtalsverðum blóðmissi og var færður á bráðamóttöku LSH í Fossvogi. Í frumskýrslu lögreglumanns D er haft eftir konunum að þær, brotþoli og E eiginmaður C hafi verið á leið heim eftir kvöldverð á nálægum veitingastað og verið stödd á göngustíg við Lund 5 þegar ókunnur maður, ákærði, kom á móti þeim á rafskútu og kallaði ókvæðisord að hópnum. C hafi reynt að róa ákærða og beðið hann að halda för sinni áfram, ákærði brugðist illa við, brotþoli þá gengið til hans og reynt að tjónka við hann, það leitt til átaka þeirra í milli, brotþoli fallið til jarðar og hópurinn þá áttað sig á því að hann hefði verið stunginn í háls og kvið.

E var farinn af vettvangi. Liggur fyrir að ákærði hafi flúið þaðan, E veitt honum eftirför og yfirbugað ákærða nálægt fjöruborði við Sæbólsbraut 40. Þar lágu þeir á jörðinni og E með ákærða í hálstaki þegar lögreglumaður F kom að þeim. Ákærði var með áverka í andliti og E með skurð á hægri hendi, sem hann kvað ákærða hafa veitt sér með hnífi þegar þeir tókust á við fjöruborðið. Ákærði hafi svo kastað hnífnum frá sér

áður en lögregla kom á staðinn. Ákærði þrætti fyrir að hafa verið með hníf, sem þó fannst nálægt þeim stað þar sem mennirnir lágu og var hnífurinn haldlagður. Liggur fyrir um þetta skýrsla lögreglumanns F og hljóð- og myndupptaka úr búkmyndavél. Þar heyrast m.a. þessi orðaskipti ákærða (Á) og E (E). Á: „Hann réðist á mig.“ E: „Réðist á þig, þú stakkst mann fávittinn þinn, ég horfði á þig stinga mann.“ Á: Nei, hann kýldi mig í hausinn og ég hljóp í burtu.“ E: Nei, þú stakkst hann í hálsinn.“ Á: „Stakk ég hann í hálsinn, ég gerði það ekki rassgat.“

Í frumskýrslu lögreglumanns G, sem einnig kom á staðinn, er haft eftir ákærða að hann hafi verið á leið um göngustíg við Lund 5 á rafskútu þegar hann mætti fjórmeningum sem hafi þverað göngustíginn. Ákærði hafi aðvarað hópinn með því að hringja bjöllu á rafskútunni, hann síðan rekist utan í einn úr hópnum, hópurinn í framhaldi ógnað og hóttað honum og brotaþoli kýlt hann í andlitið. Ákærði hafi reynt að kýla hann á móti, það ekki tekist og ákærði hlaupið á brott.

Ákærði, E og brotaþoli voru færðir til aðhlyningar á bráðamóttöku LSH. Þangað fóru einnig B og C. Þar voru ákærða, E og brotaþola dregin blóðsýni til vímuefnarannsóknna. Samkvæmt niðurstöðum þeirra rannsókna mældist í blóði ákærða etanól 0,30 ‰, Demoxepam 220 ng/ml, Desmetýlklódiazepoxíð 420 ng/ml, Klórdiazepoxíð 330 ng/m., Metýlfenidat 7,0 ng/ml, Nordiazepam 140 ng/ml og Oxýkódon 180 ng/ml. Í blóði E mældist alkóhólmagn (etanól) 1,75 ‰ og í blóði brotaþola 1,27 ‰. Samkvæmt matsgerðum bendi þær niðurstöður til þess að E og brotaþoli hafi verið ölvaðir þegar sýni voru tekin.

2.

Rannsóknarlögreglumaður H tók skýrslur af E, B, C og brotaþola á bráðamóttöku LSH. Vinahjónin báru á sama veg að þau hafi verið á leið heim eftir kvöldverð og stödd á umræddum göngustíg þegar ákærði kom á móti þeim á rafskútu, reiddist því að þau skyldu ekki víkja úr vegi fyrir honum, átaldi hópinn fyrir það og kom til orðaskaks milli ákærða og þeirra. Að sögn E, B og C ók ákærði rafskútunni utan í E og var það upphaf þess sem á eftir fylgdi.

E kvaðst hafa sagt ákærða að hann hefði átt að sýna aðgætni og víkja fyrir gangandi vegfarendum, ákærði espast við það, brotaþoli reynt að róa ákærða og hann brugðist við með því að stinga brotaþola í háls og kvið að E ásjáandi og til þess notað stuttan og oddmjóan hníf. Við svo búið hafi ákærði hlaupið á brott og E elt hann uppi.

Að sögn B fór E að rökræða við ákærða, hún og C reynt að fá E til að gleyma þessu og halda förrinni áfram, brotapolí á meðan rætt við ákærða og reynt að fá hann til að halda förr sinni áfram, E svo skyndilega snúið sér frá konunum og hlaupið til brotápola, sem þá var með blæðandi sár á kvið og hálsi.

C bar með líkum hætti og B, sagði þær og E hafa vikið sér frá ákærða, brotapolí á meðan reynt að tala hann til, C svo hvatt ákærða til að halda förr sinni áfram og hann sagt „haltu kjafti helvítis tussan þín“. Eftir þetta hafi ákærði ráðist á brotápola, hann hnigið til jarðar, C þá séð að hann var með blæðandi sár á hálsi og kvið og ákærði hlaupið á brott.

Að sögn brotápola kom ákærði á töluverðri ferð á móti þeim eftir göngustígnum og reiddist því að hópurinn skyldi ekki víkja úr vegi fyrir honum. Sökum þess hafi komið til orðaskaks milli ákærða og E, E verið dreginn frá, brotapolí svo reynt að róa ákærða og sett hönd á bringu hans, ákærði þá dregið hníf úr vasa sínum og stungið brotápola í síðuna. Brotapolí kvað þetta hafa gerst mjög hratt, hann ekki séð hnífinn í hendi ákærða, haldið að um annars konar högg væri að ræða, hann brugðist við með því að greiða ákærða 2-3 högg á móti, ákærði þá stungið hann nokkrum sinnum í viðbót, m.a. í hálsinn, brotapolí hörfað frá og þá fyrst áttað sig á því að hann hefði verið stunginn með hnífi. Við svo búíð hafi ákærði hlaupið á brott og E veitt honum eftirför.

3.

Í málinu liggja fyrir myndir og afstöðuteikningar af vettvangi, myndir af áverkum brotápola og ákærða og haldlögðum fatnaði. Rannsókn á fatnaði brotápola samrýmist því að hann hafi hlotið þau skurð- eða stungusár sem frá greinir í ákæru. Þá liggur fyrir rannsóknarskýrsla um hinn haldlagða hníf. Er hér um oddhvassan fjaðurhníf að ræða. Hnífurinn með opnu blaði er 23 cm að lengd, hnífsblaðið sjálft 9,5 cm og mesta breidd þess 2 cm. Blóðkám greindist á hnífsblaði og skefti. Niðurstöður DNA rannsókna staðreyna að þar sé m.a. um að ræða blóð úr brotápola. Er ekki um það deilt í málinu að ákærði lagði til brotápola með greindum hnífi.

4.

Brotapolí var lagður inn á gjörgæsludeild við komu á LSH. Í vottorði I sérfræðilæknis 22. júní 2024 segir að púls, blóðþrýstingur og súrefnismettun hafi verið innan eðlilegra marka. Við líkamsskoðun hafi brotapolí greinst með um 3 cm stungusár neðantil á hálsi hægra megin, hliðlægt ofan við viðbein, sem lítillaga blæddi úr, um 5 cm stungusár á hægri síðu, sem virtist djúpt en blæddi ekki úr, um 8-10 cm stungusár neðantil

við hægri rifjaboga, sem gapti talsvert en blæddi lítið úr og minni háttar skurð í hægri nára. Teknar voru tölvusneiðmyndir af hálsi, brjóst- og kviðarholi brotaþola og sýndu þær rof í 7. rifbeini, blóð í brjóstholsumhverfi lunga, blóð umhverfis lifur og grun um tvo minni háttar áverka á henni; annars vegar framan til og hins vegar hliðlægt. Sár á hálsi og kvið voru hreinsuð og saumuð og brotaþola gefin blóðgjöf. Er það mat I að umræddir áverkar séu alvarlegir og að litlu hafi mátt muna að ekki færi verr. Ástand brotaþola var stöðugt og ráðgert að hann útskrifaðist af gjörgæsludeild næsta dag.

Einnig liggur fyrir vottorð J sérfræðilæknis 28 júlí 2024. Er þar lýst áverkum brotaþola, nánar til tekið opnu stungusári með virkri blæðingu hægra megin við miðlínu á hálsi, opnum skurði í efri fjórðungi kviðar, sem náí a.m.k. gegnum alla húðina og öðrum skurði á kvið, neðar og hægra megin á lendarsvæði. Er vottorðið meira og minna samhljóða vottorði Jórunnar og virðist unnið upp úr sjúkraskrá.

I og J staðfestu vottorð sín fyrir dómi. Verður vikið að dómsvætti I síðar.

Þá liggur fyrir matsgerð K réttarmeinafræðings 6. september 2024. Er þar lýst fimm áverkum á líkama brotaþola, þar af fjórum gapandi sárum með skörpum saraköntum og dregin sú ályktun um tilurð þeirra, að útlit áverkanna bendi sterklega til þess að þeir hafi komið til við skarpan kraft. Þá er lýst einni skrámu á kvið, fyrir neðan nafla, sem hafði ósértækara útlit og gæti einnig hafa komið til við sljóan kraft í formi skrapandi ákomu hlutar með mjög takmarkað yfirborð. Útlit áverka á hálsi og við hægri nára bendi sterklega til þess að þeir hafi komið til við stungu með eineggja áhaldi, s.s. hnífi. Útlit tveggja áverka á hægra brjósthóli, með undirliggjandi áverka á 7. hægra rífi og lifráverkum, bendi einnig sterklega til þess að þeir hafi komið til við stungu með eineggja áhaldi. Það er mat K að áverkarnir hafi ekki verið lífshættulegir og að búast megi við því að áverkarnir grói án varanlegra meina, þó með þeim fyrirvara að ekki sé að fullu ljóst við ritun matsgerðar hvort áverki á hálsi leiði til varanlegs meins í formi taugatruflunar á svæði ölnartaugar hægri handleggjar.

5.

Fyrir liggur vottorð L sérfræðilæknis á bráðamóttöku LSH 25. júlí 2024. Segir þar að ákærði hafi komið á spítalann laust fyrir miðnætti 21. júní eftir meinta líkamssárás, en að sögn ákærða var hann kýldur margsinnis í höfuðið og tekinn hálstaki. Við skoðun hafi sést mar og bólga framan á hálsi og marblettir báðu megin brjóstakassa. Þá hafi ákærði verið með 2x1 cm mar á enni, 1,5 cm langt yfirborðssár við vinstri augabrún og um 2x3 cm mar við hægra kinnbein, með verk yfir hægri hlið kjálka. Loks greindust fleiðursár á

hnjám, um 3x3 cm mar yfir handarbaki vinstri handar og línulegir marblettir yfir hægra handarbaki. Er það mat L að greindir áverkar samrýmist lýsingu ákærða á ítrekuðum höfuðhöggum og hálstaki og hefðu getað verið lífshættulegir. Að lokinni skoðun var ákærði útskrifaður af LSH í fylgd lögreglu.

Einnig liggur fyrir matsgerð M réttarlæknis 16. september 2024. Þar segir að M hafi tekið ákærða til skoðunar 25. júní. Á þeim tímapunkti lá fyrir frásögn ákærða af því að hafa 21. júní lent í átökum við hóp fólks, ákærði fengið hnefahögg í andlitið, í kjölfarið hlaupið í burtu og verið tekinn „í jörðina“, hann síðan tekinn hálstaki og ákærði barist um og reynt að losa sig úr því taki. Í matsgerðinni er lýst áverkum ákærða og hliðsjón höfð af læknisvottorði L vegna sömu áverka. Er skemmst frá því að segja að M telur áverka á höfði og andliti hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi steyttings gegnt hörðu yfirborði, t.d. fall mót hörðu undirlagi og fall í jörðina við átök. Áverkar á hálsi bendi til þess að þeir hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi þrýstings eða togs á hálsnúðina. Áverkar á höndum geti samrýmst því þegar handjárn eru sett á úlnliði og áverkar á olnbogum, handleggjum og hnjám geti bent til þess að þeir hafi komi til við stymplingar milli manna og meðfylgjandi hnoðs á jörðinni. Útlit áverka samrýmist því að þeir hafi komið til 21. júní sl. og er það mat M að áverkarnir hafi ekki verið lífshættulegir og að þeir grói án varanlegra meina.

6.

N geðlæknir var dómkvaddur 28. júní sl. til að framkvæma geðrannsókn á ákærða og liggur fyrir matsgerð 16. ágúst 2024. Er ákærði talinn eðlilega gefinn og felist vandi hans einkum í þunglyndi, kvíða og þráhyggjuröskun. Engar vísbendingar séu um geðrof og ranghugmyndir. Ákærði skilji lög og reglur samfélagsins, viti muninn á réttum og röngum athöfnum og reyni ekki að firra sig ábyrgð á því sem hann gerði 21. júní sl., en segist hafa verið að verja sig og verið mjög hræddur. Ákærði sé örugglega sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þótt hann hafi greint sinn verið undir vægum áfengisáhrifum og einhverjum áhrifum læknislyfja. Þá bendi ekkert til þess að refsing geti ekki borið árangur í skilningi 16. gr. sömu laga.

II. - Skýrslugjöf ákærða og vitna hjá lögreglu.

1.

Ákærði gaf tvær skýrslur hjá lögreglu 22. og 27. júní sl. Við fyrri yfirheyrslu greindi ákærði frá því að hann hafi mætt tveimur mönnum og tveimur konum, sem gengið

hafi samsíða eftir umræddum göngustíg, hann því hringt bjöllu á rafskútunni til að fá fólkið til að víkja úr vegi, E neitað að færa sig, ákærði rekist utan í hann og verið nær dottinn af rafskútunni. Við svo búið hafi ákærði snúið sér við og spurt hvað væri í gangi, E þá öskrað á hann og verið ógnandi, konurnar dregið E frá, brotapolí síðan rætt við ákærða á rólegum nótum og ákærði allan tímann verið með hendur í vösum. Önnur konan hafi svo öskrað ókvæðisorð að ákærða, hann öskrað á móti, þá fengið óvænt hnefahögg í andlitið frá brotapolá og högginn verið nokkur. Í kjölfar þeirra hafi ákærði dregið hníf úr vasa sínum, sveiflað honum „skíthræddur“ út í loftið og því næst hlaupið í burtu án rafskútunnar og án þess að gera sér grein fyrir því að hnífurinn hefði hæft brotapolá. E hafi svo veitt ákærða eftirför á rafskútunni, fellt hann í jörðina og tekið hann hálstaki, ákærði þá sveiflað hnífnum til að losna úr takinu, hann síðan hent hnífnum frá sér og E haldið honum í hálstaki uns lögregla kom að og skipaði E að sleppa honum. Eftir handtöku hafi lögregla sagt ákærða að hann hefði stungið brotapolá.

Við seinni yfirheyrslu bar ákærði mjög á sama veg. Hann kvað rangt að brotapolí hafi lagt hönd á bringu hans og reynt að róa hann áður en brotapolí greiddi honum hnefahögginn í andlit. Hið rétta sé að ákærði hafi svarað ókvæðisorðum annarrar konunnar fullum hálsi og verið með hendur í vösum þegar hann fékk skyndilega högg í andlitið. Þá fyrst hafi hann dregið hnífinn fram, opnað hann og sveiflað honum í kringum sig.

2.

Brotapolí gaf ítarlega vitnaskýrslu 26. júní sl. Hann bar að vindahjónin hafi verið á leið heim af veitingastað og gengið tvö og tvö saman eftir umræddum göngustíg þegar ákærði kom á fleygiferð á móti þeim á rafskútu og rakst utan í E á göngustígnum án þess að hægja á för sinni. Hópurinn hafi engu að síður haldið sinni för áfram, en ákærði ekki látið kyrrt liggja, hann vikið sér að þeim, átt orðaskipti við E og þeir byrjað að rífast. B og C hafi gengið á milli og tekið E frá, B svo rætt við ákærða, brotapolí blandast inn í það, hann reynt að róa ákærða, það ekki tekist og brotapolí þá dregið sig í hlé. Í framhaldi hafi ákærði hreytt ónotum í C, kallað hana kerlingartussu og sagt henni að halda kjafti, brotapolí þá gengið aftur að ákærða, sett vinstri hönd ofarlega á bringu hans og sagt að nóg væri komið. Ákærði hafi þá fálmað eða slegið tvívegis í síðu hans, brotapolí á móti gripið í hálsmál ákærða og slegið hann í andlitið, líklega tvívegis, ákærði á sama tíma haldið áfram að fálma til brotapolá og hann þá séð að ákærði hélt á hnífi. Við þetta hafi brotapolí hörfað frá, áttað sig á því að hann hefði hlotið hnífstungur og lagst blóðugur í grasið við göngustíginn. Brotapolí bar að atburðarás hafi verið mjög hröð og ekki liðið

nema 4-5 sekúndur frá því hann lagði hönd á bringu ákærða og þar til allt var yfirstaðið. Brotapoli gaf lítið fyrir þá frásögn ákærða að hann hafi ekki áttað sig á því að hann væri að stinga brotapolu með hnífi, sagði ákærða ekki hafa verið að sveifla hnífi út í loftið heldur lagt til hans 4-5 sinnum, stungurnar verið „ótrúlega kröftugar“ og ein þeirra farið gegnum rifbein. Brotapoli hafi ekki átt upptök að neinu því sem þarna gerðist; annað en það að leggja hönd á bringu ákærða.

3.

B eiginkona brotapolu gaf ítarlega vitnaskýrslu 25. júní sl. Hún bar á sama veg og frá greinir í kafla I.-2. að vinnuhjónin hafi mætt ákærða á göngustígnum og ákærði rekist utan í E. Hópurinn hafi ekki kippt sér upp við þetta og B haldið að allir færu sína leið, en ákærði hrópað til þeirra, sagt þeim hvaða umferðarreglur gildi á göngustígnum, nefnt að þau væru miðaldra og hefðu átt að víkja úr vegi fyrir honum. E hafi þá ekki getað setið á sér og byrjað að rökræða við ákærða, B sagt E að sleppa slíku stagli, þau og C gengið aðeins frá og brotapoli orðið eftir með ákærða. E hafi svo allt í einu verið farinn og B þá séð brotapolu í rýsingum við ákærða og brotapolu kýla hann. Hún kvaðst ekki hafa séð nánar hvað gerðist þeirra í milli og ekki séð ákærða halda á hnífi, en svo hafi brotapoli hniðið í jörðina og C öskrað að hann hefði verið stunginn.

4.

E gaf skýrslu 25. júní sl. Hann kvaðst hafa verið á leið eftir umræddum göngustíg ásamt C eiginkonu sinni og vinnuhjónum þeirra B og brotapolu þegar ákærði kom á fleygiferð á rafskútu á móti þeim og rakst utan í E. E hafi sagt ákærða að passa hvað hann gerði, ákærði þá stökkið af rafskútunni, byrjað að æsa sig við hópinn og kallað þau gamalmenni, fávita og þaðan af verra. E hafi svarað fyrir sig, C ekki litist á stöðuna, beðið hann að draga sig í hlé og hann, C og B gengið einhverja 10 metra í burtu. Brotapoli hafi svo rætt við ákærða, B sagt honum að þau skyldu öll gleyma þessu og ákærði fara sína leið, en ákærði haldið áfram að æsa sig og verið „dýrvitlaus“. C hafi svo hvatt ákærða til að koma sér í burtu, hann þá kallað hana hóru og aumingja, sagt henni að halda kjafti og brotapoli eftir það reist hönd upp á móti ákærða. E kvaðst ekki hafa séð brotapolu greiða ákærða hnefahögg, en séð ákærða leggja tvívegis til brotapolu með hnífi og stinga hann í háls og kvið, brotapolu hníga niður í grasið með blóð fossandi úr hálsi og ákærða hlaupa á brott. E kvaðst ekki hafa getað hugsað sér að ákærði slyppi svo léttilega frá málum, hann því veitt ákærða eftirför á rafskútunni, náð að fella hann til jarðar og haldið honum föstum í hálstaki uns lögregla kom á staðinn.

O og P gáfu vitnaskýrslur 17. og 18. júlí sl., en þau voru á leið um göngustíg að Lundi þegar atvik gerðust. O kvaðst hafa séð hettuklæddan mann á gangi og annan mann, fínklæddan, fylgja á eftir og segja hinum að stoppa. Fínklæddi maðurinn hafi svo byrjað að hlaupa og hettuklæddi maðurinn þá tekið á rás. Í kjölfar þessa hafi O séð mann liggja í nálægri grasbrekku og tvær konur í kringum hann, sem kallað hafi til O og beðið um hjálp. O hafi hlaupið til þeirra, séð að maðurinn hafði verið stunginn og voru konurnar að reyna að stöðva blæðinguna. Fínklæddi maðurinn hafi svo komið til þeirra og staldrað stutt við áður en hann greip til rafskútu sem þarna var og sagðist ætla á eftir áráðarmanninum. P bar meira og minna á sama veg og eiginmaður hennar þótt lýsing hennar væri knappari. O kom fyrir dóm vegna málsins og bar á sama veg og hjá lögreglu.

III. - Framburður ákærða og vitna fyrir dómi um sakarefni þessa máls.

1.

Ákærði kvaðst umrætt kvöld hafa horft á EM leik í fótbolta á heimili sínu að [...], drukkið tvo litla bjóra yfir leiknum og einhverju seinna lagt af stað á rafskútu í heimsókn til vinar síns. Ákærði gangi ekki með hníf á sér, en í þetta skipt hafi hann tekið með sér fjaðurhníf sem hann keypti í Kolaportinu, leit á sem safngrip, og vildi sýna vini sínum. Ákærði hafi svo verið á ferð um nálægan göngustíg þegar hann sá fjögurra manna hóp koma á móti, fólkið gengið samsíða eftir stígnum og þannig girt fyrir að ákærði gæti ekið framhjá án þess að fara út á gras við hlið stígsins. Hann hafi því dregið úr hraða rafskútunnar, hringt bjöllu í aðvörunarskyni, sveigt skútunni yfir að hægri brún stígsins og ekki búist við öðru en að sá sem þar gekk, E, myndi víkja úr vegi. Það hafi hann ekki gert og ákærða fundist E þvert á móti reka aðra öxlina í hann, með þeim afleiðingum að ákærða fipaðist stjórn rafskútunnar og var nærri dottinn. Ákærði hafi að vonum spurt E hvað væri í gangi, E þá æst sig upp og sagt ákærða ekki eiga að vera með rafskútu á göngustíg. Ákærði hafi svarað því til að hann hefði ekki um annan stíg að fara, því enginn væri hjólastígurinn á þessum tiltekna stað. Við þetta hafi E orðið mjög æstur, ákærði því bakkað frá honum, konurnar tvær tekið E afsíðis og brotaþoli tekið ákærða tali. Brotaþoli hafi verið pollrólegur, staðið þétt upp við ákærða og ekki verið ógnandi á nokkurn hátt þegar önnur kvennanna öskraði eitthvað á þá leið: „Þú veist ekkert litli strákur, farðu bara heim til þín“. Ummælin hafi sært ákærða og hann svarað fullum hálsi eitthvað á þessa leið: „Þegiðu hórán þín eða tussan þín“.

Að sögn ákærða hafði hann vart látið hin dónalegu ummæli falla þegar brotapolí sagði „nú er nóg komið“ og greiddi honum óvænt tvö mjög föst hnefahögg í andlit. Þegar það gerðist hafi ákærði staðið beint fyrir framan brotapolá og með báðar hendur í vösum, þó ekki haldið um fjaðurhnífinn, hann vankast við högginn, brotapolí greitt honum 1-2 högg í viðbót, ákærði fyllst ofsahræðslu, gripið til hnífsins, dregið hann úr vasa sínum, þrýst á þar til gerða fjöður til að skjóta hnífsblaðinu fram og sveiflað hnífnum í kringum sig í varnarskygni án þess að hugleiða hvert hnífurinn stefndi. Greind atburðarás hafi aðeins tekið 3-5 sekúndur, ákærði haldið að hann yrði í framhaldi laminn í klessu af brotapolá og samferðafólki hans eða þau myndu jafnvel drepa hann og ákærði því flúið skíthræddur af vettvangi án þess að taka rafskútuna með sér. Ákærði staðhæfði að á þeim tímapunkti hafi hann ekki verið búinn að átta sig á því að hann hefði sært brotapolá með hnífnum, ákærði á engum tímapunkti gert sér grein fyrir hættu sem af hnífnum gæti stafað og hann aldrei ætlað að skera, stinga eða með öðrum hætti meiða brotapolá með hnífnum. Ákærði viti nú að hann hafi valdið brotapolá þeim áverkum sem frá greinir í ákæru og gangist við því.

Borinn var undir ákærða sá framburður brotapolá hjá lögreglu að áður en til átaka kom hafi brotapolí lagt hönd á bringu ákærða, sagt honum að róa sig og ákærði brugðist við með því að leggja til hans með hnífnum. Ákærði sagði þetta ekki rétt; hann hafi verið pollrólegur í viðræðum við brotapolá og allt í stakasta lagi þeirra í milli þar til ákærði lét hin dónalegu ummæli falla. Við þau ummæli teldi hann að brotapolí hafi snöggreiðst og kýlt hann í andlitið.

Aðspurður um ástand sitt kvaðst ákærði, auk fyrrgreindrar bjórdrykkju, hafa fyrr um daginn tekið sterk, ávísuð verkjalyf vegna krónískra verkja eftir slyss, sem og ávísuð lyf frá geðlækni vegna kvíða, þunglyndis, ofsahræðslu og félagsfælni. Þegar atvik gerðust hafi ákærða fundist hann „eðlilegur“ og ekki undir áhrifum neinna vímugjafa, en brotapolí og samferðafólk hans verið „augljóslega drukkin“.

Ákærði greindi einnig frá eftirför E og átökum þeirra í fjöruborði á móts við Sæbólsbraut 40. Þau atvik eru enn til rannsóknar hjá lögreglu, falla utan sakarefnis samkvæmt ákæru og koma því ekki til frekari skoðunar við úrlausn þessa máls, nema þá að því marki sem máli getur skipt varðandi áverka ákærða.

2.

Brotapolí bar að vinnahjónin hafi verið á leið heim af veitingastað og gengið tvö og tvö saman eftir göngustíg við Lund 5; hann og B eiginkona hans um 4-5 metrum fyrir

aftan E og C, þegar brotaþoli sá ákærða koma á rafskútu úr gagnstæðri átt og fara geyst. Ákærði hafi í framhaldi ekið framhá E, við það rekist utan í hann, fipast stjórn skútunnar og ákærði farið út á gras við hlið stígsins. Hópurinn hafi ekki kippt sér upp við þetta og haldið för sinn áfram í um 20 metra þar til ákærði kallaði til E og spurði hvað væri í gangi og hví hann hefði ekki vikið úr vegi. Í framhaldi hafi komið til orðaskipta milli ákærða og E, sem brotaþoli skipti sér ekki af fyrr en B og C voru búnar að draga E í burtu, en þá fyrst hafi brotaþoli gengið að ákærða og spurt hvort hann vildi ekki láta kyrrt liggja og allir fara sína leið. Ákærði hafi þvert á móti haldið áfram stagli um umferðarrétt á hjólastígum og brotaþoli við svo búið dregið sig í hlé. Eftir það hafi C átt orðaskipti við ákærða, hann kallað hana kerlingartussu eða eitthvað álíka og kallað þau miðaldra hyski. Við þetta hafi brotaþoli gengið aftur að ákærða, lagt aðra hönd ofarlega á brjóstakassa hans við háls og sagt að nú væri nóg komið. Á þeim tímapunkti hafi ákærði haldið í rafskútu sína með hægri hendi og verið með vinstri hönd á mjöðm eða í vasa.

Að sögn brotaþola skipti þá ekki togum að ákærði slangraði tvisvar í síðu hans; það sem brotaþoli vissi seinna að voru hnífstungur. Þeirri atlögu hafi brotaþoli svarað með því að greiða ákærða 2-3 högg í andlit. Á sama tíma hafi ákærði slegið brotaþola tvívegis, m.a. annars í háls, án þess þó að hann sæi að ákærði héldi á hnífi, brotaþoli svo áttað sig á því að svo háttaði til, hann þá hörfað frá og lagst niður í grasbrekku við hlið göngustígsins.

Borinn var undir brotaþola sá framburður ákærða að brotaþoli hafi fyrst kýlt ákærða og hann eftir það dregið fram hníf og lagt til brotaþola. Kvað brotaþoli þetta alrangt; hið rétta sé að ákærði „flapsaði“ eða sló í síðu brotaþola, hann á þeim tíma ekki skynjað það sem þung högg, en brugðist við með því að kýla ákærða í andlitið.

3.

B bar að vinnuhjónin hafi greint sinn verið á leið heim af veitingastað og gengið tvö og tvö saman eftir göngustíg við Lund 5; hún og brotaþoli nokkrum metrum fyrir aftan E og C, þegar ákærði kom fremur hratt á móti þeim á rafskútu og rakst utan í E. Hópurinn hafi ekki kippt sér upp við þetta og haldið för sinni áfram, en ákærði kallað á eftir þeim að þau hefðu átt að víkja úr vegi. B hafi ekki fundist þetta svaravert, hún sagt E að gæta sín á ákærða, sem virtist undir áhrifum eða eiga við geðrænan vanda að stríða, en E ekki viljað láta vaða yfir sig og byrjað að rökræða við ákærða um umferðarreglur á göngustígum. B og C hafi svo fengið E ofan af því, þau þrjú haldið för sinni áfram eftir stígnum, brotaþoli þá verið pollrólegur í viðræðum við ákærða og ákærði sem fyrr staðið

með annan fótinn á rafskútunni og stutt við hana með annarri hendi. E hafi svo allt í einu verið horfinn, B þá litið við, séð ákærða og brotþola vera að tuskast „eins og ansaleg dansspor“ og hún hugsað með sér hvað væri eiginlega í gangi. C hafi svo öskrað að brotþoli hefði verið stunginn, hann lagst í grasbrekku við hlið stígsins og þær hlúð að sárum hans. B kvað þetta allt hafa gerst mjög hratt og hún hvorki séð högg ganga á milli ákærða og brotþola né séð ákærða halda á hnífi.

4.

C bar að vinnahjónin hafi gengið saman, tvö og tvö, eftir umræddum göngustíg þegar ákærði kom á móti þeim á rafskútunni og rakst utan í E. Hópurinn hafi ætlað að halda för sinni áfram, en ákærði verið pirraður og skammað þau fyrir að hafa ekki vikið úr vegi. E hafi ekki getað setið undir því og byrjað að rökræða við ákærða um umferðarreglur á göngustígum. Brotþoli hafi svo viljað ljúka málinu friðsamlega þannig að allir færu sáttir sína leið og hann því orðið eftir með ákærða í um fjögurra metra fjarlægð frá hinum. Ákærði hafi hins vegar ekki viljað gefa eftir og hreytt í C að halda kjafti og að hún væri „helvítis kerlingartussa“. Við svo búið hafi brotþoli sett aðra hönd sína að ákærða, eins og til að stoppa hann af, og brotþoli örfáum sekúndum seinna legið með stungusár í grasbrekku við hlið stígsins. C kvaðst hvorki hafa séð högg ganga á milli ákærða og brotþola né séð ákærða halda á hnífi áður en yfir lauk.

5.

E bar að vinnahjónin hafi gengið samsíða eftir göngustígnum þegar ákærði rakst utan í E á rafskútu með þeim afleiðingum að þeir köstuðust báðir til. Ákærði hafi svo snúið sér að hópnum, E sagt honum að gæta sín þar sem um göngustíg væri að ræða og halda för sinni áfram. Ákærði hafi espast meira við þetta og þeir tveir lent í orðaskaki áður en C og B fengu E til að halda áfram. Brotþoli hafi orðið eftir og reynt að róa ákærða, sá orðið æstari og æstari, E svo litið til baka og séð brotþola setja aðra hönd sína á móti ákærða í 7-8 metra fjarlægð frá hópnum. E kvaðst ekki hafa séð brotþola greiða ákærða högg. Hins vegar hafi hann séð brotþola grípa í ákærða, eins og til að stoppa hann af, og ákærða draga fram hníf og stinga brotþola tvívegis. Ákærði hafi svo flúið á brott og E veitt honum eftirför.

6.

Q sérfræðingur tæknideildar kom fyrir dóm og staðfesti þær lögregluskýrslur sem frá honum stafa, m.a. niðurstöður rannsókna sem frá greinir í kafla I.-3. dómsins. Hann kvað göt á skyrtu og vestri sem brotþoli klæddist umrætt kvöld samrýmast götum eftir

eggvopn og sagði ekki óvenjulegt að slík göt væru stundum stærri en sem næmi breidd hnífsblaðs. Aðspurður kvaðst sérfræðingurinn geta útilokað að göt neðarlega og hægra megin á framhlið skyrту og vestis væru eftir skurð og sagði þau eftir hnífstungu. Hann kvað einfalt að opna hinn haldlagða hníf með því að ýta á þar til gerða fjöður.

7.

I sérfræðilæknir bar fyrir dómi að samkvæmt sneiðmyndum af áverkum brotþola hafi stungusár á hálsi hans náð inn að barka, ein stunga á kvið snert lunga og önnur náð inn að lifur. Þess utan hafi brotþoli verið með grunnt sár í nára. Blá- og slagæðar í hálsi hafi ekki skaddast, en virk blæðing verið mjög nálægt þeim og aðeins millimetra spursmál að ekki færi verr.

8.

K réttarmeinafræðingur kom fyrir dóm, staðfesti matsgerð sína sem frá greinir í kafla I.-4. og áréttaði að hún hafi ekki framkvæmt skoðun á brotþola heldur byggt matsgerð á fyrirliggjandi ljósmyndum og gögnum frá lögreglu. Aðspurð staðfesti K að hún hafi ekki metið áverka brotþola lífshættulega, enda legið fyrir að hann hafi allan tímann verið með stöðug lífsmörk, aldrei misst meðvitund og ekki með alvarlegar innri blæðingar. Í því fælist ekki mat á alvarleika atlögu sem brotþoli sætti og gæti hún eftir sem áður verið metin lífshættuleg. Brotþoli hafi engu að síður verið ljónheppinn að ekki fór verr. Aðspurð kvað K erfitt að slá því föstu hvort áverkar á kvið og hálsi brotþola væru eftir hnífstungur eða skurði með hníf, enda viti hún ekki um dýpt áverkanna.

9.

N geðlæknir staðfesti fyrir dómi geðrannsókn sem frá greinir í kafla I.-6. dómsins. Hann kvaðst hafa hitt ákærða fimm sinnum við vinnslu matsgerðar, ákærði verið samvinnufús, greinilega miður sín yfir því sem gerðist og sýnt mikla iðrun. Ákærði hafi virst heiðarlegur í frásögn, fundist hann ekki eiga sök á því hvernig atburðir hófust og trúi því að hann hafi veitt brotþola umrædda hnífsáverka í sjálfsvörn. N kvaðst ekki geta lagt mat á hvort ákærði hafi verið í annarlegu ástandi umrætt kvöld vegna lyfjatöku, en ákærði átt til að nota meira af róandi lyfjum en hann vill kannast við og hafi t.d. greinst ADHD lyf í blóði hans 21. júní sl.; lyf sem hann eigi ekki að vera á. N staðfesti að ákærði glími við kvíðaröskun, sem gæti hafa leitt til ofsahræðslu vegna aðstæðna á göngustígnum og ákærði þá „panikkað“.

10.

Fyrir dóminn komu einnig faðir ákærða og náinn vinur, sem báru ákærða vel söguna og kváðust ekki þekkja hann af ofbeldi eða árásarhneigð.

IV. - Málalíbúnaður ákærvaldsins og ákærða.

1.

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að fyrir liggi að ákærði dró fjaðurhníf úr vasa sínum á göngustígnum, opnaði hnífinn vísvitandi, lagði a.m.k. fjórum sinnum til brotaþola með hnífnum og hækði hann í háls, kvið og nára. Þá liggi fyrir að brotaþoli var á sama tíma pollrólegur í viðræðum við ákærða, að ekkert styðji af hverju brotaþoli ætti að ráðast á ákærða, að framburður brotaþola og E styðji hins vegar tilefnislausu árás af hálfu ákærða og þeir borið með líkum hætti fyrir dómi að ákærði hafi í reynd stungið brotaþola með hnífnum. Áverki á hálsi, sem náði inn að barka og áverkar á kvið, sem náðu inn að lunga og lifur og sködduðu rifbein, sem og mikill blóðmissir strax í kjölfar atlögunnar, styðji eindregið þá ályktun að um hnífstungur hafi verið að ræða og því standist ekki sú viðbára ákærða að hann hafi sveiflað hnífnum tilviljunarkennt út í loftið og óvart skorið brotaþola. Beri því að sakfella ákærða fyrir tilraun til manndráps, jafnvel þótt ásetningsstig verði eftir atvikum fært úr líkindaásetningi niður í lægsta stig ásetnings; dolus eventualis. Ákærvaldið hafnar því að neyðarvarnarsjónarmið 12. gr. almennra hegningarlaga komi til álita við úrlausn máls, sem og refsilækkunarsjónarmið 74. og 75. gr. eða að sönnuð háttsemi ákærða verði færð undir 2. mgr. 218. gr. laganna.

2.

Af hálfu ákærða er á því byggt að þótt hann hafi gengist við því að hafa beitt umræddum hnífi gegn brotaþola og valdið honum þeim áverkum sem frá greinir í ákæru snúist úrlausn máls fyrst og fremst um það hvor þeirra átti upptökin með ólögmatrí árás. Er á því byggt að í sömu andrá og ákærði lét hin dónalegu ummæli falla um C hafi brotaþoli snöggreiðst, misst stjórn á skapi sínu og greitt ákærða a.m.k. tvö bylmingshögg í andlit með krepptum hnefa. Ákærði hafi verið með hendur í vösum, átt sér einskis ills von, orðið ofsahræddur við hina skyndilegu árás, hann því dregið hnífinn fram, sveiflað honum út í loftið sér til varnar og óvart skorið eða stungið brotaþola. Beri að leggja þessa stöðugu og trúverðugu frásögn ákærða til grundvallar, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og sýkna hann á grundvelli 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga eða heimfæra háttsemina undir 2. mgr. 218. gr. sömu laga og ákvarða refsingu með hliðsjón af 74., 75. og 3. mgr. 218. gr. c laganna.

Ofangreindu til stuðnings bendir ákærði á að E hafi borið hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi ekki séð brotþola greiða ákærða umrædd hnefahögg, en hins vegar séð ákærða leggja til brotþola með hnífi. Þessi frásögn bendi eindregið til þess að E hafi ekki séð upphaf átaka og styðji þann stöðuga framburð ákærða að brotþoli hafi í reynd átt upptökin með greindum höggum og ákærði eftir það gripið til hnífsins. Þá er á það bent að ákærvaldið hafi velt upp tveimur lykilsurningum, annars vegar hvað ákærða gekk til verksins og hins vegar hvort hann hafi haft ásetning til að bana brotþola. Fyrri spurningunni sé þegar svarað af hálfu ákærða og ekkert fram komið sem styðji þá ályktun ákærvaldsins að ákærði hafi á verknaðarstundu talið eða mátt telja að langlíklegast væri að brotþoli hlyti bana af eða ákærði látið sér í léttu rúmi liggja hverjar yrðu afleiðingar af háttsemi hans. Sé því ósannað að ákærði hafi haft ásetning til að bana brotþola og beri því að sýkna ákærða af tilraun til manndráps.

V. - Niðurstöður um sekt eða sýknu.

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður ákærði því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Dómari metur enn fremur, eftir því sem þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Ákærða er gefin að sök tilraun til manndráps samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 21. júní 2024, á göngustíg við Lund 5, veist að brotþola með hnífi, stungið hann a.m.k. fjórum hnífstungum í háls, síðu og nára og ákærði þannig reynt að svipta brotþola lífi. Áverkum brotþola er lýst í ákæru og óumdeilt að þeir séu af völdum ákærða og þess fjaðurhnífs, með 9,5 cm löngu hnífsblaði, sem hann hélt á í útistöðum við brotþola.

3.

Þegar atvik gerðust var brotþoli á heimleið ásamt B eiginkonu sinni og vinahjónunum E og C eftir kvöldverð á veitingastað í Kópavogi. Fyrir liggur að brotþoli

og E voru undir áhrifum áfengis. Þar sem hjónin gengu eftir göngustíg við Lund 5 kom ákærði á rafskútu eftir stígnum úr öndverðri átt. Óháð því hver hraði skútunnar var, hvort hjónin hafi gengið samsíða eftir göngustígnum og hvort ákærði hafi hringt bjöllu til aðvörunar áður en hann kom að hópnum, liggur fyrir að ákærði ók rafskútunni utan í E á göngustígnum með þeim afleiðingum að ákærða fipaðist stjórn skútunnar og nam staðar á grasi við hlið stígsins. Verður við þetta miðað í málinu, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Að gættri sömu lagagrein og með hliðjón af stöðugum og trúverðugum vitnisburði brotþola, B og C, sem samrýmist framburði E, verður einnig lagt til grundvallar að ákærði hafi í framhaldi ekki viljað láta þar við sitja og halda för sinni áfram heldur kosið að þjarka við E um umferðarreglur á göngustígum og þær rökræður magnast þar til B og C fengu E til að hætta slíku stagli og ganga með þeim áfram stíginn. Er óumdeilt að brotþoli hafi þá orðið einn eftir með ákærða og þeir, eftir því sem næst verður komist, verið í innan við 10 metra fjarlægð frá hinum þremur þegar sú atburðarás hófst sem leiddi til ákæru í málinu.

Brotþoli hefur borið með stöðugum og trúverðugum hætti að hann hafi orðið eftir í þeim tilgangi einum að friða ákærða og fá hann til að fara sína leið. Ber brotþola og ákærða saman um að brotþoli hafi verið pollrólegur í því samtali og þeir staðið andspænis og nærri hvor öðrum á meðan. Jafnframt hefur ákærði borið að á sama tíma hafi honum ekki staðið ógn af brotþola. Þá liggur fyrir samkvæmt frásögn C og E hjá lögreglu, dómsvætti brotþola og framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi að C hafi sagt eitthvað það við ákærða, á meðan hann og brotþoli ræddust við, sem varð til þess að ákærði hrópaði til C að halda kjafti og kallaði hana hóru, kerlingartussu eða eitthvað álíka. Verður einnig við þetta miðað við úrlausn máls, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

4.

Ákærða og brotþola ber saman um að strax í kjölfar ofangreindra fúkyrða hafi brotþoli sagt við ákærða að nú væri nóg komið. Áhöld eru um hvað gerðist næst. Hvað sem líður þeim stöðuga framburði E að hann hafi á engum tímapunkti séð brotþola greiða ákærða hnefahögg í andlit er einsætt af framburði ákærða og brotþola að sú var raunin. Ef marka má framburð E verður þannig ekki dregin önnur ályktun en sú að hann hafi ekki séð hvernig átök hófust milli ákærða og brotþola. Ekki nýtur vitnisburðar B og C um sömu atriði og eru ákærði og brotþoli því einir til frásagnar um upphaf átaka.

Ákærði hefur verið stöðugur í þeim framburði að brotaþoli hafi fylgt orðum sínum eftir með því að greiða ákærða óvænt nokkur þung hnefahögg í andlit, ákærði við það fyllst ofsahræðslu, hann því dregið fjaðurhnífinn úr vasa sínum, opnað hnífinn og sveiflað honum út í loftið eða í kringum sig í varnarskyni. Þessi framburður ákærða fær ekki samrýmst þeim stöðuga vitnisburði brotaþola að hann hafi lagt aðra hönd sína ofarlega á bringu ákærða þegar hann sagði að nóg væri komið og ákærði brugðist við með því að slá eða slangra tvívegis í síðu brotaþola áður en hann greiddi ákærða fyrsta höggið í andlit.

Óháð því hvort brotaþoli kýldi ákærða í andlitið áður en ákærði dró fjaðurhnífinn úr vasa sínum og lagði til brotaþola er ljóst af framburði ákærða, brotaþola, B, E og C að atburðarás var mjög hröð og að vart liðu meira en fimm sekúndur frá því brotaþoli sagði ákærða að nóg væri komið og þar til brotaþoli lagðist í grasbrekku við hlið göngustígsins.

Í málinu liggur fyrir og er óumdeilt að brotaþoli greiddi ákærða ekki færri en 2-3 hnefahögg í andlit. Sú staðreynd, að virtum þeim framburði E að hann hafi ekki séð brotaþola greiða ákærða hnefahögg, en hins vegar séð ákærða stinga brotaþola með hnífi, samrýmst þeim framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi ekki dregið hnífinn fram fyrr en eftir að brotaþoli kýldi hann í andlitið. Að því gættu og með hliðsjón af þeim ríku sönnunarkröfum sem gerðar eru til ákærvaldsins samkvæmt 108. gr. og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 og af leiðir að meta beri allan skynsamlegan vafa ákærða til hagsbóta, verður við úrlausn máls við það miðað að brotaþoli hafi greitt ákærða hnefahögg í andlit áður en ákærði lagði fyrst til brotaþola með fjaðurhnífnum. Sú niðurstaða breytir engu um það mat dómsins að stöðugur framburður ákærða annars vegar og stöðugur vitnisburður brotaþola hins vegar um upphaf átaka, þótt ólíkir séu, þykja hvor fyrir sig trúverðugir.

5.

Ákærði hefur borið fyrir sig að hafa orðið ofsahræddur þegar brotaþoli kýldi hann í andlitið, ákærði af þeim sökum dregið hnífinn fram, sveiflað honum út í loftið sér til varnar og óvart skorið eða stungið brotaþola. Telur ákærði að hann hafi þannig farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, af ástæðum sem varða brotaþola, og því beri að sýkna ákærða af eigin háttsemi á grundvelli 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga.

Í 1. mgr. 12. gr. segir að það verk sé refsilaust sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögum árás sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum sem séu auglýnilega

hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf ástæðu til. Þá segir í 2. mgr. að hafi maður farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar samkvæmt 1. mgr. og ástæðan er sú að hann hefur orðið svo skelfdur eða forviða að hann gat ekki fullkomlega gætt sín skuli honum ekki refsað.

Það er álit dómsins að jafnvel þótt brotþoli hafi kýlt ákærða í andlitið áður en ákærði greip til fjaðurhnífsins verði slíku höggi eða höggum frá brotþola aldrei jafnað saman við það að stinga vopnlausan mann ítrekað með hnífi í bol og háls. Að teknu tilliti til allra atvika og kringumstæðna að háttsemi ákærða þykir ekkert haldbært fram komið af hans hálfu sem réttlætt gat beitingu svo hættulegs vopns í samskiptum hans og brotþola. Verður því ekki fallist á að 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga geti leyst ákærða undan refsingu.

6.

Þegar horft er til þess að ákærði og brotþoli stóðu andspænis og nálægt hvor öðrum þegar ákærði dró fjaðurhnífinn fram úr vasa sínum, ýtti á þar til gerða fjöður til að skjóta hinu 9,5 cm hnífsblaði fram og hóf hnífinn á loft svo nálægt brotþola, verður ekki dregin önnur haldbær ályktun en sú að ákærði hafi vísvitandi lagt til brotþola með hnífnum. Framburður ákærða um tilviljunarkenndar eða handahófskenndar hnífasveiflur út í loftið er því marklaus að álitu dómsins.

Með hliðsjón af dómsvætti I sérfræðilæknis, vottorði hennar sem frá greinir í kafla I.-4., dómsvætti K réttarmeinafræðings og matsgerð hennar í I.-4., dómsvætti sérfræðings Q og hliðstæðum niðurstöðum hans í kafla I.-3., þykir óhætt að leggja til grundvallar að þeir tveir áverkar á kviði brotþola og áverkinn á hálsi hans, sem lýst er í ákæru, hafi komið til fyrir beinar stungur með hnífi. Ekki verður því sama slegið föstu um fjórða áverkann, sem í ákæru er lýst sem grunnnum skurði í hægri nára. I og K hafa báðar borið fyrir dómi að litlu mátti muna að ekki færi verr fyrir brotþola. I bar jafnframt að aðeins hafi munað millimetrum að stungan í háls brotþola færi í blá- og/eða slagæðar. Að þessu gættu og með hliðsjón af því að stungur í kvið brotþola fóru inn í brjóstholsumhverfi lunga og særðu lifur hans á tveimur stöðum er það álit dómsins að atлага ákærða hafi verið stórhættuleg og þykir hending ein hafa ráðið því að brotþoli hlaut ekki lífshættulega áverka eða beið bana af atlögunni.

Samkvæmt framansögðu er sannað að ákærði hafi að kvöldi föstudagsins 21. júní 2024, á göngustíg í Kópavogi, stungið brotþola þrisvar sinnum með umræddum

fjaðurhnífi, þar af eina stungu í háls og tvær í kvið, auk þess sem eitt hnífslag særði brotþola grunnu sári á nára; allt svo sem ákærða er gefið að sök í ákæru.

7.

Svo sem rakið er í kafla V.-2. ræðst niðurstaða máls af því hvort ákærði hafi greint sinn reynt að svipta brotþola lífi. Þarf ákærvaldið þannig að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi á verknaðarstundu viljað ráða brotþola bana (beinn ásetningur), að ákærði hafi annars og á sömu stundu mátt ætla að langlíklegast væri að bani hlytist af hnífaatlögu hans (líkindaásetningur) eða, og í það minnsta, að ákærði hafi á þeirri stundu hlotið að vita eða ekki getað dulist að brotþoli gæti hlotið bana af atlögunni, en ákærði látið sér þær afleiðingar í léttu rúmi liggja og hann engu að síður stungið brotþola með hnífi án tillits til þess hvort bani gæti hlotist af (dolus eventualis).

Ákærði dró fram fjaðurhníf, með 9,5 cm löngu hnífsblaði og lagði fjórum sinnum til brotþola með hnífnum. Þar af hlutust þrjár hnífstungur; tvær hægra megin í kvið brotþola og ein neðarlega á hálsi. Er að mati dómsins ekkert fram komið í málinu sem réttlætt gat svo alvarlega árás með stórhættulegu vopni og þykir tilviljun ein hafa ráðið því að mansbani hlaust ekki af. Er það og mat dómsins að ákærða hafi á þeirri stundu er hann lagði til brotþola ekki getað dulist að stungurnar, ein eða fleiri, gætu leitt til banvænna áverka og ákærði látið sér þær afleiðingar í léttu rúmi liggja. Hefur ákærði þannig gerst sekur um tilraun til manndráps, svo sem honum er gefið að sök í ákæru og varðar háttsemin við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

8.

Með hliðsjón af ítarlegri geðrannsókn N og greinargóðu dómsvætti hans er fallist á þá niðurstöðu sérfræðingsins að ákærði hafi verið fullfær um að stjórna hegðun sinni og þannig sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga þegar hann lagði til brotþola með hnífnum. Einnig er fallist á þá niðurstöðu að ástand ákærða á verknaðarstundu hafi ekki verið og sé ekki með þeim hætti að refsing geti ekki borið árangur samkvæmt 16. gr. Verður ákærða því refsað fyrir athæfi sitt.

VI. - Ákvörðun refsingar og önnur refsikennd viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm í nóvember 2014 fyrir fíkniefnalagabrot. Eftir það gekkst ákærði þrívægis undir lögreglustjórasektir; í apríl 2020 og febrúar 2023. Hafa þau brot engin áhrif við úrlausn þessa máls. Loks var ákærði 1. desember 2023 dæmdur í þriggja mánaða

fangelsi, skilorðsbundið þrjú ár, fyrir fíkniefnalaga- og lyfjalagabrot. Með broti því sem ákærði er nú sakfelldur fyrir hefur hann rofið skilorð þess dóms. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka skilorðsdóminn upp, dæma með máli þessu og tiltaka refsingu í einu lagi fyrir öll brotin eftir reglum 77. og 78. gr. sömu laga.

Tilraun til manndráps varðar fangelsi ekki skemur en fimm ár, sbr. 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. má þó dæma lægri refsingu þegar af tilraun má ráða að brotamaður sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má að sé um menn sem fullfremja slík brot. Þegar virtur er allur aðdragandi að verknaði ákærða, hliðsjón höfð af þeirri tilviljunarkenndu og hröðu atburðarás sem leiddi til hnífaatlögunnar, sem og því að samkvæmt dómsframburði ákærða og brotþola bendir ekkert til þess að atlagan hafi verið heiftúðleg, þykir eins og hér stendur sérstaklega á mega líta til 2. mgr. 20. gr. við ákvörðun refsingar. Að því sögðu og annars með hliðsjón af 1., 2., 3., 6. og 7. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í einu lagi fangelsi í fjögur ár. Samkvæmt 76. gr. sömu laga skal koma til frádráttar þeirri refsingu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 22. júní 2024, að fullri dagatölu.

Samkvæmt greindum málsúrslitum er fallist á upptökukröfu ákærvaldsins eins og hún er sett fram í ákæru og frá greinir í dómsorði.

VII. - Ákvörðun bóta og sakarkostnaðar.

Ákærði er sekur um tilraun til manndráps og hefur þannig skapað sér bótaábyrgð gagnvart brotþola. Framlögð bótakrafa var sannanlega birt ákærða á þingfestingardegi 20. september sl. Ákærði mótmælir ekki bótaskyldu og eftirlætur dóminum að meta sanngjarna fjárhæð skaða- og miskabóta.

Fyrir dómi greindi brotþoli með trúverðugum hætti frá líkamlegum og andlegum afleiðingum sem brot ákærða hefur haft á daglegt líf hans, m.a. kvíða, óöryggi, svefntruflunum, minnkuðu úthaldi og skertri getu til að sinna atvinnu og tómstundum, s.s. hjólræiðum og stangveiði. Þá kom fram að brotþoli, sem er sérfræðilæknir, búi enn við doða í fingrum hægri handar og skerta færni sömu handar vegna taugatruflunar af völdum stunguáverkans á hálsi. Er um þann áverka og afleiðingar fjallað í matsgerð K réttarmeinafræðings sem frá greinir í kafla I.-4. dómsins og ljóst af henni og vætti brotþola að endanlegar afleiðingar af háttsemi ákærða eru ekki enn komnar fram.

Samkvæmt ofansögðu þykir ákærði án efa hafa valdið brotþola ómældum miska í skilningi a- og b-liða 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og er ákærði bótaskyldur samkvæmt því. Að því gættu og með hliðsjón af öllum atvikum að broti ákærða þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Auk miskabóta krefst brotþoli 202.672 króna skaðabóta úr hendi ákærða vegna útlagðs sjúkrakostnaðar og munatjóns, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga og 413.444 króna þjáningabóta samkvæmt 1. mgr. 1. gr., sbr. 3. gr. sömu laga. Eru þær kröfur nægjanlega rökstuddar, hefur ekki verið mótmælt af hálfu ákærða og verður hann því dæmdur til greiðslu umkrafinna fjárhæða með vöxtum eins og í dómsorði greinir.

Loks krefst brotþoli þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem brotþoli varð fyrir af hans völdum föstudaginn 21. júní 2024, sbr. 2. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Bótaábyrgð ákærða er augljós að þessu leyti og hefur hann gengist við þeirri ábyrgð. Að því gættu og með vísan til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er fallist á viðurkenningarkröfu brotþola.

Samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti ákæruvaldsins nemur útlagður kostnaður vegna málsins 1.758.522 krónum. Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu þess kostnaðar. Jafnframt ber að dæma ákærða til að greiða þóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur réttargæslumanns brotþola og málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar verjanda síns á rannsóknarstigi máls og hér fyrir dómi, auk 104.904 króna aksturskostnaðar verjanda. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu réttargæslumanns þykir þóknun hans hæfilega ákveðin 806.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með hliðstæðum rökum þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin 3.868.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Örn Unnarsson, sæti fangelsi fjögur ár. Til frádráttar refsingunni komi að fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 22. júní 2024.

Ákærði sæti upptöku á haldlögðum fjaðurhnífi.

Ákærði greiði brotþola, A, kt. [...], miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 21. júní 2024 til 20. október 2024, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, til greiðsludags.

Ákærði greiði brotþola 202.672 krónur vegna sjúkrakostnaðar og munatjóns og 413.444 króna þjáningabætur, hvort tveggja með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 20. október 2024 til greiðsludags.

Viðurkennd er skaðabótaskylda ákærða vegna líkamstjóns sem brotþoli varð fyrir af hans völdum föstudaginn 21. júní 2024.

Ákærði greiði 6.538.226 krónur í sakarkostnað, þar með talda 806.000 króna þóknun Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur réttargæslumanns brotþola, 3.868.800 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar verjanda síns og 104.904 króna aksturskostnað verjanda.

Jónas Jóhannsson